

NOVA KLÚBBURINN HF.
STARFSREGLUR STARFSKJARANEFNDAR

1. Hlutverk og markmið

- 1.1. Nefndin skal vera ráðgefandi við stjórn Nova Klúbbsins hf. („félagið“) varðandi mótun og innleiðingu starfskjarastefnu félagsins og dótturfélaga þess (saman nefnd „félagið“).
- 1.2. Allar ákvarðanir og tillögur nefndarinnar skulu háðar samþykki stjórnar.

2. Skipan nefndarinnar

- 2.1. Nefndin skal skipuð af stjórn.
- 2.2. Nefndin skal skipuð tveimur einstaklingum.
- 2.3. Báðir nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegri stjórn þess, auk þess sem nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins. Starfsmenn félagsins og forstjóri mega ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.
- 2.4. Stjórn félagsins skipar nefndarmenn árlega á fyrsta reglulega stjórnarfundum eftir aðalfund, þó eigi síðar en einum mánuði eftir aðalfund.
- 2.5. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar þegar eftir skipun.

3. Verkefni nefndarinnar

- 3.1. Helstu verkefni nefndarinnar eru eftirfarandi:
 - a) Nefndin skal leggja drög að starfskjarastefnu félagsins. Við mótun slíkrar stefnu skal nefndin taka tillit til allra þátta sem hún telur nauðsynlega, þar með talið viðeigandi laga- og reglugerðarkrafna, ásamt tilheyrandi leiðbeiningum. Markmið stefnunnar skal vera að laða að, halda og hvetja starfsmenn af þeim gæðum sem þarf til að reka félagið með farsælum og hagkvæmum hætti, með hliðsjón af sjónarmiðum hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Þá skal stefnan styðja við langtíma árangur félagsins.
 - b) Nefndin skal árlega yfirfara gildandi starfskjarastefnu félagsins m.t.t. þeirra markmiða sem henni er ætla að ná, sbr. a) liður.
 - c) Nefndin skal leggja til ramma um starfskjör stjórnenda félagsins.

- d) Nefndin skal útbúa tillögur að launum og öðrum starfskjörum forstjóra félagsins, verði eftir því óskað af hálfu stjórnar.
- e) Nefndin skal útbúa og leggja fyrir stjórn tillögur að hvatakerfi fyrir stjórnendur félagsins, auk veitingu kaupréttar eftir atvikum.
- f) Nefndin skal tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu venjur hverju sinni.
- g) Nefndin skal taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samvinnu við endurskoðunarnefnd félagsins.
- h) Nefndin skal tryggja að samningsskilmálar við uppsögn og allar greiðslur þeim tengdar séu sanngjarnar, að skortur á frammistöðu sé ekki verðlaunaður og hagsmunir félagsins jafnt sem starfsmanns séu hafðir að leiðarljósi í slíkum málum.
- i) Nefndin skal hafa umsjón með öllum meiriháttar kjarabreytingum hjá félaginu.
- j) Kynna skal fyrir nefndinni jafnlaunastefnu félagsins og jafnlaunakerfi árlega og skal nefndin leggja til nauðsynlegar breytingar á því eftir atvikum.
- k) Nefndin skal leggja fyrir stjórn tillögu um þóknun stjórnar og undirnefnda fyrir aðalfund hvert ár, sbr. gr. 3.2. í starfskjarastefnu félagsins.
- l) Nefndin skal í aðdraganda aðalfundar hvert ár skila skýrslu til stjórnar um störf nefndarinnar á liðnu ári.
- m) Nefndin skal vinna önnur þau verkefni sem stjórn felur henni.

3.2. Nefndin ber enga stjórnunarábyrgð að því er varðar hlutverk sitt, niðurstöður og tillögur. Það skal vera á ábyrgð framkvæmdastjórnar samkvæmt fyrirmælum eða heimild stjórnar að grípa til viðeigandi aðgerða hverju sinni.

4. Aðgengi að gögnum, upplýsingum og ráðgjöf

- 4.1. Nefndin skal hafa aðgang að fullnægjandi gögnum og upplýsingum hjá félaginu, eða eftir atvikum þriðju aðilum, til að geta sinnt skyldum sínum.
- 4.2. Nefndin skal hafa heimild til að leita allra upplýsinga og gagna hjá stjórn félagsins sem nauðsynleg eru til að geta sinnt störfum sínum.
- 4.3. Nefndin skal hafa aðgang að framkvæmdastjórn félagsins, ef þess er krafist, í þeim tilgangi að afla nauðsynlegra upplýsinga til að geta sinnt störfum sínum.
- 4.4. Nefndin skal hafa heimild til að ráða óháða ráðgjafa eftir þörfum til að sinna störfum sínum.

5. Fundir nefndarinnar og verklag

- 5.1. Nefndin fundar a.m.k. sex sinnum á hverju starfsári og formaður stýrir fundum. Formaður getur boðað til nefndarfunda að eigin frumkvæði eða að beiðni hins nefndarmannsins. Lögfræðingur félagsins ritar fundargerðir.

- 5.2. Dagskrá og fundarefni funda nefndarinnar skal liggja fyrir með minnst tveggja daga fyrirvara fyrir fundi.
- 5.3. Nefndin skal í upphafi hvers starfsárs gera starfsáætlun fyrir árið, þar sem tiltekin eru helstu verkefni nefndarinnar.
- 5.4. Nefndarfundur er bær til úrlausnar ef báðir nefndarmenn eru viðstaddir. Atkvæði formanns ræður úrslitum um tillögur.

6. Trúnaður

- 6.1. Nefndarmenn bera þagnarskyldu gagnvart félaginu um öll mál sem snerta félagið eða viðskiptavinum þess, sem þeim kann að verða kunnugt um við framkvæmd starfa sinna. Nefndarmönnum er óheimilt að miðla upplýsingum um félagið eða viðskiptavinum þess til þriðja aðila nema með skriflegu samþykki stjórnar félagsins eða lög mæli fyrir um það.
- 6.2. Þagnarskyldan varir ótímabundið, jafnvel þótt nefndarsetu lýkur.
- 6.3. Nefndarmenn skulu varðveita tryggilega öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum vegna starfa sinna sem fyrir nefndina.

7. Önnur ákvæði

- 7.1. Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega og samþykktar af stjórn félagsins. Nefndin getur lagt til breytingar á reglum þessum til staðfestingar stjórnar.
- 7.2. Um ábyrgð, vald og hlutverk nefndarinnar, að öðru leyti en greinir í reglum þessum, fer samkvæmt gildandi lögum og samþykktum félagsins.

Þannig samþykkt af stjórn Nova Klúbbsins hf. 24. febrúar 2026